



Rb/Sfb	Hi1
Rb Hi 1.11	


Keldnaholti, sími 570 7300

Júní 2003

1


1.0 Almennt

Blað þetta er í röð blaða sem fjalla um ýmsar viðartegundir. Blöðum þessum er ætlað að upplýsa timburnotendur um eiginleika og einkenni timburs. Fjallað verður um helstu viðartegundir af mjúkviði (bartré) og harðviði (lauftré) sem notaðar eru til vinnslu hér á landi. Sumum viðartegundum eru gerð betri skil en öðrum og fer það eftir mikilvægi efnisins í notkun hér á landi.



MYND 1

Norður-Ameríka, helstu barrtré



MYND 2

– Döglingsviður (Oregon-pine)

2.0 HEITI

Döglingsviður, douglasþöll

Pseudotsuga menziesii (Mirb.) Franco.

Enska *Douglas fir*

Þýska *Douglasie*

Franska *Douglasie*

USA *Douglas-fir, Oregon-pine*

3.0 HEIMKYNNI

Eins og flest barrtré í Norður-Ameríku er döglingsviður eða Oregon-pine mjög stórt tré og vaxtarsvæði þess nær yfir mestalla Norður-Ameríku frá Mexíkó til Bresku-Kólumbíu.

4.0 VÖXTUR

Venjuleg hæð á trjánum er 50 til 65 metrar og þvermálið er 1 til 2 metrar. Í einstaka tilfellum er hæðin 100 metrar og verður þvermálið allt að 5 metrum með greina- og kvistfría stofna frá 25 til 50 metra. Úr þessu efni er hægt að framleiða stórar efnisstærðir af gegnheilu kvistfríu efni ásamt flatskornum og „skræluðum“ spæni. Döglingsviður vex öðruvísi í Danmörku, en þangað var hann fluttur 1850. Meðalvöxtur hans nær varla rauðgrenni og er hann auk þess kvistóttari og ólögulegri. Þetta hefur í för með sér að styrkur hans sem burðarviðar er minni og eftirspurn er eingöngu eftir besta efninu. Greinarnar safnast í krans undir toppskotinu. Ef vaxtarskilyrði eru góð verður toppskotið langt og einnig bilið á milli kransa, en kransarnir samanstanda af 5 til 6 greinum. Dauðar greinar sitja lengur á stofninum en dauðar greinar annarra barrtrjáa. Þetta hefur þau áhrif að til þess að fá kvistfrían stofn verður að kvista stofninn.

5.0 VIÐURINN

Rysjuviður döglingsviðar er frá því að vera gulhvítur yfir í rauðleitan. Kjarna- viður er rauðbrúnn og breytist við áhrif

birtu yfir í það að verða brúnleitur eins og hjá skógarfuru og lerki. Haustviður er dekkri og greinilegri en í öðrum grenitegundum, og í viðnum eru oft falleg vígindi. Viðurinn er innihaldsríkur af trjávöðu, terpentínu og sýtunarsýru. Stórir trjávöðvasar eru ekki óvanalegir. Ólíkt rauðgreni og skógarfuru er engin vaxtarsnúningur, sem hefur þau áhrif að efnið vinnst ekki við þurrkun.

6.0 RÚMÞYNGD OG STYRKUR

Meðalgildi rúmþyngdar fyrir kvistfrían dögling svið er 530 kg/m^3 sem er lítið eitt hærra en hjá rauðgreni. Miðað við þyngd er dögling sviður mög sterkt efni og er hann t.d. um 30% hærri í beygjustyrk en rauðgreni, en það er vegna þess að hann inniheldur meira af föstu efni.

7.0 RÝRNUN


Rúmmálsrýrnun hjá dögling sviði er lítið eitt hærra en hjá rauðgreni, sem er vegna meiri rúmmálsþyngdar dögling sviðar. Dögling sviður er auðveldur í þurrkun eins og flest barrtré og vegna þess að viðurinn vex að mestu leyti án vaxtarsnúnings er lítið um vinding.

8.0 ENDING

Kjarnaviður dögling sviðar endist jafn vel í snertingu við jörð eins og furu, þ.e.a.s. 7–8 ár, eða helmingi lengur en rauðgreni. Það er efiðara að gagnvera rysju dögling sviðar en rysju furu, en dögling sviður er viðurkenndur til gagnvarnar. Hér á landi hefur dögling sviður verið notaður í glugga og hurðir, því það hefur verið trú manna að hann sé endingabetri en fura, sem er mis-skilningur, því fura af sambærilegum gæðum og dögling sviður, þ.e.a.s. beinvaxinn, kvistlaus kjarnaviður, er jafn að gæðum.

9.0 VINNSLA

Vinnsla dögling sviðar er vandræðalaus þegar við erum að tala um hið hefðbundna efni sem er beint og án kvista. Ef dögling sviður kemst í snertingu við járn og vatn á sama tíma þá verður hann blár, en þessu valda efni sem eru í viðnum.



MYND 3 – Dögling sviður – Oregon-pine

Auðvelt er að framleiða spón í góðum breiddum sem gerir það að verkum að hann nýtist vel til spónlagningar og fermetraverð verður því tiltölulega lágt. Eingöngu er nýtilegur geislaskorinn spónn.

10.0 NOTKUN

Hér á landi hefur dögling sviður verið mest notaður í innihurðir og innréttingar, glugga og útihurðir. Annars staðar er hann notaður í gólf og burðarbita og þá eingöngu geislaskorinn. Ástæðan fyrir valinu á dögling sviði í glugga og útihurðir hér á landi er sú að tréð er beinvaxið og það vindur

sig lítið í þurrkun og er auðvelt í vinnslu. Hafa skal í huga að dögling sviður endist ekki vel ef hann er ekki í skjóli fyrir veðri og vindum.

11.0 ANNAÐ

Dögling sviður er ættvísl átta tegunda sígrænna barrtrjáa af þallarætt upprunnin í N-Ameríku og í A-Asíu. Vegna þess hve tegundirnar eru líkar hafa grasfræðingar átt í erfiðleikum með að greina þær í sundur. Í gegnum tíðina hefur tegundin því verið



MYND 4

Oregon-pine skógur

kölluð ýmsum nöfnum sem tilheyra barrtrjám: pine (fura), spruce (greni) og hemlock (þöll). Árið 1867 var ættkvíslinni gefið eigið heiti – *Pseudotsuga* – sem þýðir „false hemlock“ (gerviþöll) vegna sérstakra kóngla hennar. Einungis einn dögling sviður er frá Norðvesturluta Kyrrahafsstrandarinnar og er það sú langmikilvægasta af allri ættkvíslinni. Algengasta nafnið

á henni er það sama og á ættkvíslinni, sem sýnir mikilvægi hennar. Dögling sviður er „ríkistré“ ríkisins Oregon í Bandaríkjunum og kallast þessi tegund því oftast Oregon-pine á verslunarmáli manna á meðal.



MYND 5

Skápur úr Oregon-pine

12.0 HEIMILDIR

52 Træarter, Træindustriens træarter, 1.útg., 2. prentun 1998.

Timbers of the World – Trada red booklet.

Viðarfræði – Björn H. Jónsson.

A handbook of Softwood – Ministry of Technology.

Ýmislegt úr viðarfræði – 2. útgáfa – Haraldur Ágústsson.

Rétt notkun á timbri – 2. útgáfa – Eiríkur Þorsteinsson.

Tré og runnar – Ásgeir Svanbergsson.

Naturhistoriska riksmuseet – Svíþjóð.

Træ-bogen – Villy E. Risör.

Blað þetta er tekið saman af Eiríki Þorsteinssyni trétækni.

Ritvinnsla og umbrot:
Sigrún Pétursdóttir

Prentun:
Gutenberg ehf.

EFTIRPRENTUN ÓHEIMIL.